

## Foreldrafélag Glerárskóla

9. febrúar 2015

Mættir: Aníta, Brynja, Vilborg, Alma, Sigurlaug, og Líney.

1. Vilborg sagði frá því að hún hafði samband við fyrirtækið Imprimo sem merkti bolina fyrir 1. bekklingana og vilja þeir bæta okkur bolina. Ætla að vera í sambandi við Vilborgu fljótlega sem kemur með upplýsingar á næsta fund.
2. Ákveðið að afbóka fyrirlestur Rauða Krossins um sálrænan stuðning sem bókaður var 23. febrúar nk. Fjárhagur foreldrafélagsins býður ekki upp á fyrirlesturinn núna en hann verður á dagskrá um leið og fjárhagurinn leyfir.
3. Bókað að foreldrafélagið getur ekki borgað í fyrirlestri Samtaka eins og óskað hefur verið eftir, en ósk um það barst félaginu fyrir stuttu.
4. Alma fór á skólaráðsfund, umræða um vorhátíðina. Verður sennilega í enda maí. Ekki komið á hreint hver aðkoma foreldrafélagsins verður en við teljum mikilvægt að halda tombólunni inni þar sem hún er fjáröflun fyrir félagið.
5. Umræða um jólaföndrið og breytingar tengt því. Hugmyndir að fækka stöðvum, hafa opið hús á laugardegi í desember. Spil, kökur, kakó, endurvinnsla. Margar hugmyndir uppi.
6. Ákveðið að styrkja 9. bekk vegna árshátíðarinnar. Í framhaldinu var ákveðið að styrkja 9. bekk ár hvert vegna árshátíðarinnar. Upphæðin ræðst af fjárhagsstöðu félagsins hverju sinni.
7. Umræða um hækkun á árgjaldi. Spurning um að hækka um 500 krónur per heimili? Munum taka þetta fyrir á næsta aðalfundi foreldrafélagsins.
8. Aníta kynnti bréf frá umboðsmanni barna um aðbúnað og öryggi í leik og grunnskólum. Bréfið má finna á heimasíðu umboðsmanns barna [www.barn.is](http://www.barn.is)
9. Næsti fundur ákveðinn 13. apríl kl. 16.30.

Fleiri mál ekki rædd og fundi slitið, Líney Elíasdóttir